

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytis á sameiningu Áshrepps og Húnavatnshrepps í eitt sveitarfélag.

Með vísan til 95. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 28. apríl 2006 staðfest sameiningu Áshrepps og Húnavatnshrepps, í umdæmi sýslumannsins á Blönduósi í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Stjórnsýsluheiti hins sameinaða sveitarfélags verður Húnavatnshreppur.

Sameining framangreindra sveitarfélaga skal taka gildi hinn 10. júní 2006.

Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum sveitarfélögum.

Íbúar sveitarfélaganna skulu vera íbúar hins sameinaða sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum tveimur sveitarfélögum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn sveitarfélaganna skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Kosið verður til sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags 27. maí 2006, sbr. ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998.

Kjóra skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Sveitarstjórnirnar kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar, nema annað verði ákveðið.

Félagsmálaráðuneytinu, 28. apríl 2006.

Jón Kristjánsson.

Róbert Ragnarsson.